

# Hókus þókus fleiri karla

Ragnar Már Róbertsson



B.Ed. gráða í leikskólafræði við Háskóla Íslands, Menntavísindasvið

Apríl 2009

Lokaverkefni til B.Ed. -prófs

# Hókus þókus fleiri karla

Hver er upplifun karla í leikskólastarfi af sérstöðu sinni?

Ragnar Már Róbertsson  
220279-5109

Háskóli Íslands  
Menntavísindasvið  
Kennaradeild, leikskólakennarafræði  
Apríl 2009

## Ágrip

Þessi ritgerð byggir á viðtölum við karla í leikskólakennarastarfi, um sérstöðu þeirra og viðhorfi til starfsins. Viðmælendur voru fimm karlar á aldrinum 25 – 55 ára. Ég tók viðtöl og umritaði, út frá því fann ég: þemu og mynstur. Ég gaf viðmælendum mínum dulnefni til að virða persónuvernd þeirra. Spurningarnar sem ég útbjó fyrir viðtölin læt ég fylgja með sem fylgiskjal 1.

Þeir vildu sjá fleiri karla í leikskólakennaranámið og starfið, ekki einungis vegna þess að stéttin þurfi á þeim að halda heldur þurfa börnin að alast upp við það að konur og karlar geti bæði starfað á þessum vettvangi í sátt og samlyndi. Samfélagið kom mikið við sögu í viðtölunum, það hefur tekið sig á í afstöðu sinni gagnvart þeim, en betur má ef duga skal. Þeir voru flestir sammála um að launin mættu vera betri, en þau væru ekki aðalatriðið. Það ágæta fólk sem er í beinum tengslum við leikskólann er almennt ánægt með innkomu karlanna, ef hlustað er á þær skoðanir sem foreldrar, starfsfólk og börn hafa á þeim. Til að leikskólinn geti orðið sterkari þarf að taka mið af sjónarmiðum karlanna.

## Formáli

Nú hef ég verið viðloðandi leikskólastarfið í fjögur og hálf ár, ýmist í fullu starfi eða hlutastarfi, ásamt því að vera í námi. Ég tók strax eftir því að ég skar mig úr á vinnustaðnum því ég var eini karlmaðurinn innan um allan þennan hóp af kvenfólki, að undanskildum einum öðrum karli. Hann starfaði með mér í aðeins tvær vikur, þá var hann hættur. Þetta þykir ekki óeðlilegt í íslensku samfélagi sem lengi vel hefur einkennst meira af því að hlúa að peningum og verðbréfum heldur en börnum. Ég hef hinsvegar verið svo lánsamur að fá að kynnast því að starfa innan um börn á leikskóla og það er eitt af því dýrmætasta sem nokkur manneskja getur ímyndað sér. Börn eru miklir heimspekingar og það er gaman að mæta til vinnu og skiptast á skoðunum við þau um lífið og tilveruna. Eftir að hafa starfað í tvö ár sem leiðbeinandi fullur af áhuga um námið, varð ég spenntur fyrir þeim möguleika að fagmennta mig, og ákvað í framhaldi af því að skrá mig í Kennaraháskóla Íslands. Það er óhætt að segja að ég hafi lært heilmikið, ekki bara um börn, heldur fengið betra innsæi í alla þá þætti sem snúa að lífi barna.

Þegar kom að því að velja efni fyrir lokaverkefnið til B.Ed.-gráðu var valið ekki flókið, mig langaði að velja eitthvað sem liggur nærri mér því ákvað ég að skrifa um karla í leikskólakennarastarfi. Mig langaði að fá þeirra sýn á starfið, sjá hlutina með gleraugum þeirra. Sumt í máli þeirra kom mér á óvart, en annað ekki, vegna þess að ég á margt sameiginlegt með þeim. Eini munurinn er sá að þeir eru fagmenntaðir með starfsreynslu en ekki ég. Það má segja að ég hafi nálgast þá á sama hátt og börn; ég settist niður og hlustaði á þá og virti skoðanir þeirra.

Ég vil þakka viðmælendum mínum því án þeirra hefði þessi ritgerð ekki litið dagsins ljós. Ég vil einnig þakka Gunnlaugi Sigurðssyni leiðsagnakennara mínum fyrir að hafa trú á mér í þessu verkefni. Hann hefur verið mér eins og ljósmóðir og hjálpað mér að ná þekkingunni út líkt og Sókrates talaði um hlutverk kennara.

# Efnisyfirlit

Inngangur.....	5
1. Starfið .....	6
1.1. Meðbyr í starfi kveikjan að námi.....	7
1.2. Eru launin allt? .....	8
2. Fordómar .....	9
2.1. Karlar í umönnunarstörfum .....	11
2.2. Er maðurinn grimmasta dýrið? .....	12
3. Fyrirmyndir.....	14
4. Kynjamunur .....	15
4.1. Kyn og leikur. ....	17
4.2. Kynin og samfélagið.....	18
5. Breytingar .....	20
5.1. Horft til framtíðar .....	22
5.2. Hinn fullkomni leikskóli? .....	23
6. Samantekt .....	24
Lokaorð.....	26
Heimildaskrá.....	28
Fylgiskjal 1 .....	31

## Inngangur

Það sem kom mér á óvart í þessu verkefni var hversu mikil áhrif samfélagið reynir að hafa á líf okkar og reynir að stýra okkur. Samfélagið kemur mikið við sögu í ritgerðinni og áhrifin sem það hefur á karla í leikskólastarfi. Af hverju er það eftirtektarvert að karlmenn starfi innan umönnunargeirans? Er samfélagið haldið fordómum? Eða er hefðin ennþá svona gríðarlega sterk? Samfélagið undrast þegar karlar velja sér menntun á starfssviði kvenna. Þessi störf eru gjarnan kölluð kvennastörf vegna þess að fjöldi kvenna er sláandi í samanburði við karlana og nægir þar að líta á tölfræðina, en hún sýnir 97% kvenna eru kennarar á leikskólastigi (Þórdís Þórðardóttir, 2005:72).

Karlar geta átt við ramman reip að draga í slíkum störfum. Ég sé þetta fyrir mér sem reipitog karlkyns leikskólakennara á móti samfélaginu. Baráttan getur verið löng og erfið þar sem reipið færast örlítið þeim í vil eða togast á móti körlunum. Við getum því spurt okkur af hverju þetta reipi þurfi að vera? Er ekki hægt að fjarlægja það? Samfélagið getur verið erfiður andstæðingur á köflum og því þarf að greiða veginn fyrir karla í leikskólastarfi og sýna fram á að það er ekkert furðulegt að karlar starfi í umönnunarstörfum. Hvernig stendur á því að í lok ársins 2007 voru aðeins 131 karl starfandi sem leikskólakennari eða í öðrum störfum sem snúa að stuðningi og uppeldi barna innan leikskólans? (Hagstofa Íslands, 2008).

Í köflunum hér framundan mun ég vitna í viðtölin sem ég krufði til mergjar ásamt því að styðjast við fræðin. Þessi rannsókn hefur mikla þýðingu fyrir mig því hún tengist mér mjög sem verðandi fagaðila. Mér finnst það vera skylda mín að draga ykkur ágætu lesendur inn í hugarheim karla í leikskólastarfi og leyfa ykkur að kynnst viðhorfum þeirra. Upp úr stóð að viðmælendur mínir og ég eigum margt sameiginlegt eins og: starfsánægju, reynslu, hvatningu frá yfirmönnum, skoðun á laununum, orðið vitni að fordómum, vera ólíkir starfssystrum sínum, vera fyrirmyndir, umhyggja fyrir börnunum, sjá breytingar. Til að gefa sem skýrustu heildarmynd af rannsókn minni skipti ég henni eftir þesum þemu. Í rannsókninni vakir spurningin.

Hver sé upplifun karla í leikskólakennarastarfi af sérstöðu sinni?

## 1. Starfið

Hvað fær karla til þess að sækja um starf á leikskóla? Þessi spurning vaknar vegna þess að hún er ekki í takt við skoðanir samfélagsins um hvaða störf karlmenn „eiga“ að gegna. Samkvæmt skilgreiningum á karla og kvennastörfum þá sækjast stelpurnar eftir því að vinna við umönnun, hárgreiðslu eða förðun. Strákarnir sækjast meira eftir því að vinna við byggingaiðnað, framleiðslu, tölvutengda vinnu eða innan véliðnaðarins (Arnot & Ghail, 2006:8). Þegar ég rýndi í svör þeirra kom í ljós að þeir fengu ábendingu frá einhverjum öðrum, villtust inn í starfið eða ákváðu að prófa þetta.

„Tilviljun réði því að ég fór að vinna á leikskóla.“

(Ari).

„Mér var bent á það.“

(Jón).

„Var lengi búinn að vera í hefðbundnum karlastörfum og ákvað því að prófa eitthvað nýtt.“

(Örn).

„Ég villtist inn í þetta starf af tilviljun svo mikið sem tilviljun getur kallast.“

(Ingi).

Þeir eiga ekki frumkvæðið um val á starfsvettvangi, þar kemur margt inn í eins og hefðin, það er ekki hefð fyrir því að karlmenn starfi á leikskólum og hvað þá að mennta sig í starfinu. Algengara var að karlmenn gerðust kennarar í grunnskólum til að kenna börnunum og konurnar völdust heldur inn á leikskólavettvanginn þar sem áherslan er meiri á umönnun. Viðmælendur mínir eru fljótir að koma sér inn í leikskólann, þeim líður almennt vel í starfinu og ná fljótt til barnanna. Það er greinilegt að starfsánægjan er til staðar og það einkennir góðan vinnustað. Reynsla þeirra af vettvangi hefur haft þau áhrif ásamt þeim sterka meðbyr sem þeir fengu í starfinu frá foreldrum, yfirmönnum og börnunum að þeir fóru að mennta sig sem

leikskólakennarar. Í næsta undirkafla mun ég fara nánar út í ákvörðun þeirra að fagmennta sig sem leikskólakennarar.

### **1.1. Meðbyr í starfi kveikjan að námi**

Sú staðreynd að allir viðmælendur mínir höfðu fengið meðbyr í starfinu varð til þess að þeir ákváðu að mennta sig enn frekar í leikskólafræðum og hófu þar með skólagöngu sína við Kennaraháskóla Íslands á leikskólabraut. Það voru nokkrir þættir sem höfðu áhrif á það að þeir fóru að ganga menntavegin. Það sem að þeir nefndu var skuldbinding við börnin, gefandi starf sem hentaði þeim ásamt stuðningi og hvatningu, þeim almenna meðbyr sem þeir fengu.

„...mér fannst starfið eiga það vel við mig að mér fannst ég skulda börnunum og sjálfum mér það.“

(Ingi).

„Þetta var mjög gefandi og hentaði mér mjög vel þannig að ég ákvað að skella mér í námið.“

(Jón).

„Finnst gaman að vinna með börnum, eftir að hafa prófað að vinna í eitt ár á leikskóla var ég alveg viss um að ég vildi verða leikskólakennari.“

(Már).

„Fékk mikinn meðbyr í starfinu og gekk vel í starfi. ... mikill stuðningur og hvatning við störf mín frá leikskólastjóranum ...varð til þess að ég ákvað að mennta mig.“

(Ari).

Námið er eins og fjallganga, við leggjum af stað með bakpokann okkar og byrjum við rætur fjallsins. Því hærra sem við klifrum því meiri reynslu og þekkingu öðlumst við. Ég þekki það af eigin raun og ég veit að viðmælendur mínir reyndust sama sinnis. Ég er



farinn að sjá í tindinn og þangað er stefnunni haldið. Ég hef lært margt í skólanum, hann tengir nám og vettvang vel saman, því ætti engum að bregða þegar komið er út á vettvang. Jóhanna Einarsdóttir (2005) hefur þá reynslu af leikskólakennaramenntuninni hér á landi hefur verið hagnýtt nám með tengsl við starfsvettvanginn. Einnig hafa kenningar í þroskasálfræði sett svip sinn á leikskólakennaranámið þar sem þverfaglegt nám og tengsl fræða og starfs haldist í hendur (Jóhanna Einarsdóttir, 19:2005).

Í næsta undirkafla mun ég fara inn á launaumræðuna en þar hefur verið sú kenning að karlmenn veljist ekki í leikskólakennarastarfið vegna þess að það er láglaunastarf.

## 1.2. Eru launin allt?

Hefð hefur verið fyrir því að karlmenn kjósi sér ekki láglaunastörf. Til að skyggjast nánar inn í þessa umræðu kom ég inn á þetta umræðuefni við viðmælendur mína og þeir höfðu eftirfarandi að segja um málið.

„Ástæðan fyrir því að svona fáir karlmenn vinna á leikskólum; og ég veit að það kann að hljóma klisjukennt en ég held að það séu launin.“

(Már).

„Þetta er náttúrulega láglaunastarf, það hefur sitt að segja og viðhorf samfélagsins til karla í þessu starfi.“

(Örn).

„...það fyrsta sem öllum dettur í hug eru launin. Allar þær rannsóknir sem að ég skoðaði og kynnti mér, þær komust að sömu niðurstöðu sem að ég var líka farinn að pæla í sjálfur; þrátt fyrir að launin sé einhver hluti þá er það ekki afgerandi.“

(Jón).

„Karlar gegna vissulega láglaunastörfum í öðrum geirum og ef maður veltir þeim punkti fyrir sér þá eru þetta ekki bara launin. Karlar eru kannski að moka skurð eða eitthvað annað sem hefur í för með sér að eftirtektin er rýr. Það nægir að nefna bændur, þeir hafa

ekki haft mikið á milli handana. Afhverju ættu þá ekki margir karlar að vera leikskólakennarar?“

(Ingi).

Síðustu tvær tilvitnanirnar hér að ofan vekja athygli varðandi launaumræðuna, ég er viss um að flestir vilja hafa meira á milli handanna ef út í það er farið, en hér ber að staldra við og velta öðrum þáttum fyrir sér. Taka þarf mið af öðrum þáttum eins og starfsánægjunni, hún vegur þungt eins og rannsóknir hafa sýnt fram á erlendis sem og hér heima. Samkvæmt niðurstöðum úr rannsókn Örnú H. Jónsdóttur frá árinu 1999 kom í ljós að á meðal leikskólakennara og leiðbeinenda fólst mesta starfsánægjan í persónulegum árangri, á grundvelli eigin frammistöðu í starfinu með börnunum. Skýrustu staðfestingu á árangri fengu leiðbeinendur og leikskólakennarar þegar þeir sáu börnin taka framförum, þroskast og dafna en einnig við að verða vitni að gleði þeirra og lífshamingju (Arna H. Jónsdóttir, 2003:166).

## 2. Fordómar

Því miður finnast enn fordómar í samfélaginu gagnvart karlmönnum sem velja þann veg að verða leikskólakennarar. Viðmælendur mínir bera vitni um þessa fordóma. Þeir lituðust aðallega af vanmati á menntuninni ásamt vanmati á starfinu sem faggrein. Viðmælendur mínir hafa mátt jafnvel reyna af eigin skinni aumingja og hommastimpilinn.

„Það má kannski túlka það sem fordóma að í hvert sinn þegar að ég sagðist vera að læra leikskólakennarann var ég spurður afhverju ég hefði ekki farið í grunnskólakennarann. Þetta væri nánast sama námið. Það hefur kannski meira með að gera skort á virðingu fyrir leikskólakennurum heldur en þeirri staðreynd að ég er karlkynsleikskólakennari.“

(Ari).

„Stundum finnur maður fyrir því að það sé litið á mann sem aumingja ... það er eitthvað skrítið við það að vera starfsmaður á leikskóla.“

(Örn).

„Þeir (fordómarnir) eru á undanhaldi fyrir utan eina spurningu sem kom frá lærðum leikskólakennara, þessi spurning: „Ertu hommi?““

(Jón).

„Þegar ég var í náminu þá heyrði ég það frá bekkjarsystur að kærastar þeirra eða mennirnir þeirra voru að spyrja um þennan strákgepil. Hvort hann væri hommi? Án þess að það væri nokkuð verra: hvorki betra né verra. Þá var greinilega búið að dæma fyrirfram að þeir sem feta þennan veg eru greinilega af einhverju tagi. Rauðhærðir, hommar eða eitthvað.“

(Ingi).

„Við erum annaðhvort aumingjar eða hommar.“

(Ari).

Hvað eru fordómar? Kristján Kristjánsson (1999) færir rök fyrir því að ákveðinn aðili fellur fordóm án þess að hafa góðar ástæður fyrir skoðuninni sem er að finna í dóminum sem hann lætur falla (Kristján Kristjánsson, 1999:43). Kristján á við að viðkomandi einstaklingur dæmir áður en hann kynnir sér staðreyndir málsins. Fordómunum skiptir hann síðan í tvennt, hann talar annars vegar í fljótadóma sem stundum eru kallaðir hleypidómar og hins vegar forherta dóma. Fljótadómarnir eru öllu saklausari, orðið segir sig nokkuð sjálft, við dæmum eitthvað í flýti (Kristján Kristjánsson, 1999:44). Eins og að halda einhverju fram áður en við kynnum okkur hlutina, dæmi: „Það eru aðeins karlmenn sem starfa sem bifvélavirkjar.“ Við myndum fljótt komast að því með vettvangsathugun að við hefðum rangt fyrir okkur því konur eru líka bifvélavirkjar, þær eru hins vegar mun færri en karlarnir. Forhertu fordómarnir eru öllu hættulegri, því þó svo að rök liggi fyrir í ákveðnu máli þrjóska aðilinn við og stendur fastur á sínu (Kristján Kristjánsson, 1999:45).

Dylgjur sem koma einhversstaðar úr samfélaginu geta haft áhrif á skoðanir fólks um ákveðin málefni og geta orðið til þess að einhverjir eru búnir að mynda sér fyrirframgefna skoðun. Skýrasta dæmið um fordóma og hvernig þeir geta blindað samfélagið er að finna í lýsingu kanadíska félagsfræðing Erving Goffman. Hann dregur fram þá mynd að samfélagið sé eins og leikhús, fólkið er hluti af leikhúsinu og bregst við út frá sannfæringu samfélagsins og ákvarðast af þeim fyrirfram gefnum hugmyndum sem samfélagið er búið að útbýta þeim, eins og textar sem leikarar læra utan að. Þetta verður til þess að fólkið kemur til með að líta út eins og strengjabrúður, ófært um að taka ákvarðanir út frá eigin forsendum (Abbott, 1998:54).

## 2.1. Karlar í umönnunarstörfum

Umönnunarstörf hafa í gegnum tíðina verið flokkuð undir kvennastörf, meirihlutinn er eins og ég kom inn á í innganginum konur. Þetta kemur heim og saman við þær hugmyndir sem Inge M. Bryderup (2003) hefur. Vinna sem felur í sér að passa aðra (veika, börn og aldraða) eru félagsleg störf sem unnin eru af konum (Bryderup, 2003:270). Sólveig Karvelsdóttir (2005) kemur með góðan punkt inn í umræðuna en hún heldur því fram að enginn tiltekinn eiginleiki kvenna umfram karla til að gera þær að betri starfsmönnum í þessum geira. Ekki liggja fyrir rannsóknir sem styðja að þessir eiginleikar séu ólíkir hjá kynjunum heldur þvert á móti virðist meiri munur koma fram innan hópa karla og kvenna heldur en milli hópanna (Sólveig Karvelsdóttir, 86:2005). Það er eins og samfélagið hafi samt á þessu sterkar skoðanir. Ég ákvað að fá fram upplifun viðmælanda minna á ímynd þeirra sem leikskólakennara.

„Ég held að það sé nokkuð tvíþætt. Það eru margir sem finnst voða gott að það séu karlar sem eru í þessu (starfi) síðan finnst mér stundum eins og fólk hafi efasemdir um það að maður sé „alvöru“ karlmenni.“

(Örn).

„Ég tel að hún (ímyndin) hafi skánað hjá fólki, það gerir ekki ráð fyrir því lengur að þetta sé svo óeðlilegt.“

(Ingi).

„...ímynd karla út á við sé nánast undantekningarlaust góð, að sko ég allavega held ég og vona að samfélagið sé svolítið að komast yfir það að segja: „Heyrðu!“ „Þú ert bara skrytinn!““

(Jón).

„Hefðin er svo sterk. Leikskólinn hefur frá upphafi verið þróaður af konum. Þetta er vígi kvenna“.

(Ari).

„... foreldrar hrósa því stöðugt að það sé karlmaður á leikskólanum og að þeir mættu vera fleiri.“

(Már).

Það er ánægjulegt að sjá að þeir séu að fá góð viðbrögð við vinnu sinni á leikskólanum sem styrkir þá í sannfæringu þeirra að þeir séu á réttri hillu í lífinu. Ánægjan með þá kemur úr öllum áttum: yfirmönnum, foreldrum og síðast en ekki síst börnunum sem þeir eru að gæta og móta fyrir framtíðina. Það væri gaman að kveðja þessa umræðu með jákvæðu hliðunum og stíga út í sólskinið með bros á vör, en því miður verð ég koma inn á neikvæðu hliðarnar og skyggjast inn í myrkrið í næsta undirkafla.

## **2.2. Er maðurinn grimmasta dýrið?**

Þeir karlar sem starfa á leikskólum þurfa að vera einhvers konar fullkomin blanda, mega ekki vera of mjúkir og ekki of harðir. Því miður er misjafn sauður í mörgu fé og það á ekki síður við um þá karla sem annast börn. Til eru dæmi um að karlmenn hafi beitt börn kynferðislegu ofbeldi í starfi sínu, eða a.m.k. legið undir grun í einstökum málum sem upp hafa komið hérlendis. Viðmælendur mínir höfðu eftirfarandi að segja um málið.

„Ónefndur maður var á ráðstefnu í Ameríku sem fjallaði um það afhverju svona fáir karlar völdust til þessa starfa. Ástæðan fyrir því að þar í landi væru svo fáir karlar sem að sækjast eftir því að gerast kennarar er vegna hættu á að verða ákærður fyrir

kynferðislegt ofbeldi. Þeir ætluðu ekki að misnota börn, bara tilhugsunin að vera ranglega ásakaður. Ég dreg það alveg fram þó að þetta sé óviðfelldið viðfangsefni.“

(Ingi).

„ ... veiki punkturinn í þessu öllu saman er þó að ímynd okkar sem karla inn á leikskóla sé góð, þá er það alltaf þetta sem ólgar undir í samfélaginu bara vegna þess að umræðan er orðin svo mikil í samfélaginu síðustu ár og það er bara af hinu góða. Samfara því að umræðan hafi aukist hafa spjótin beinst meira gegn körlum, eða ekki neitt að því marki að þetta hafi verið eitthvað neikvætt vopn gegn okkur.“

(Jón).

„ ... út af því að það er bara þjóðfélags- og samfélags umræðan í heild sinni sú að því miður rétt, það eru töluvert fleiri karlmenn en konur sem að beita kynferðisofbeldi.“

(Jón).

„ ... við erum svo heppin á Íslandi að það hefur ekki verið nema í einstaka tilvikum í leikskólum og ég vona bara innilega að það haldist þannig. Þetta er annars afskaplega svartur blettur á annars frábæru starfi.“

(Jón).

Í ársskýrslu Stígamóta (2008) kemur fram að 2.9% ofbeldismanna starfa innan umönnunargeirans. Það er ekki há tala miðað við aðrar starfsgreinar en hún er auðvitað 2.9% of mikið (Stígamót, 2008:45). Við verðum samt að horfa á heildarmyndina og hún er sú að karlmenn sem mennta sig í leikskólafræðum hljóta að búa yfir eftirfarandi eiginleikum: hlýju, manngæsku, þolinmæði, heiðarleika og að hafa ánægju af því að starfa með börnum. Við verðum að gera ráð fyrir því út frá þessum forsendum að hinir útvöldu veljist í starfið. Þá erum við komin að stóru spurningunni: Er maðurinn grimmasta dýrið? Þeirri spurningu svara ég neitandi. Ef gengið er út frá því að starfsmaðurinn búi yfir þeim eiginleikum sem ég taldi upp hér að framan. Í næsta kafla mun ég skoða hvernig viðmælendur mínir upplifa sig sem fyrirmyndir í starfi.

### 3. Fyrirmyndir

Ég kannaði það hvort viðmælendur mínir litu á sig sem fyrirmyndir í starfi. Sumir voru það hógværir að þeir höfðu ekki íhugað það, aðrir voru meira meðvitaðir um það.

„Fyrirmynd gef ég með veru minni hér. Ég er eini karlinn í 100 % starfi. Það hafa margir strákar sagt við mig á einhverjum tímapunkti: „Ég ætla að verða leikskólakennari.“...strákarnir sjái mig sem fyrirmynd, þarna er einhver sem ég get apað eftir.“

(Ingi).

„...ég er ekki þessi venjulegi karlmaður, ef maður setur þetta upp sem steriótýpu með stuttklippt hár ... ég er með mjög sítt hár og yfirleitt með skegg og eyrnalokka.“

(Jón).

„... bara að þau sjái að karlar geta líka staðið fyrir þessari hlýju og umönnun er örugglega mjög gott og þau gera það.“

(Örn).

Ég get ekki talað um fyrirmyndir án þess að minnst á Friedrich Fröbel, út frá þeirri merkilegru staðreynd að hann hefur verið kallaður faðir leikskólans. Hann helgaði líf sitt og starf þróun uppeldisfræði smábarna sem hann er fyrst og fremst frægur fyrir (Myhre 1996:105). Mér finnst merkilegt að stofnandi „Kindergarten“ eða leikskólans eins og við þekkjum hann í dag hafi verið karlmaður og að hann hafi verið uppi á árunum 1782 til 1852 (Myhre 1996:104). Hvaðan sækja börnin fyrirmyndir sínar? Ef við setjum okkur í fótspor barnanna ætti ekki að koma á óvart það sem Berger (1995) hefur um málið að segja. Hún er þeirrar skoðunnar að foreldrar séu fyrstu og mikilvægustu kennarar barna sinna og jafnframt þeirra helstu fyrirmyndir (Berger, 1995:82). Þau þurfa að samsana sér með einhverjum eins og foreldrum eða öðru fólki sem er mikilvægt í lífi þeirra. Þetta styðst við kenningar Mead um að einstaklingar læri og innhverfi þau hlutverk sem ætlast er til af mönnum og konum (Abbott, 1998:47).

Eftir að ég hafði tekið viðtal við einn viðmælenda minn, hélt ég áfram að spjalla við hann og þá sagði hann mér frá áhugaverðri reynslusögu. Síminn hringdi á vinnustaðnum

hans og hann svaraði það var skellt á. Síminn hringdi aftur og hann svaraði í annað sinn. Manninum var svo brugðið að hann var ekki viss um að hann væri að hringja í leikskóla. Þegar hann varð fullviss um það vildi hann fá að tala við aðila af hinu kyninu. Þetta viðhorf þrífst því miður enn í okkar ágæta samfélagi, hræðslan við minnihlutahópa eins og: útlendinga, fólk með öðruvísi húðlit, samkynhneigða og konur í karlastörfum eða karlar í kvennastörfum.

Hvað þarf góð fyrirmynd að hafa? Það hlýtur að vera einstaklingur sem hefur sín eigin gildi og starfar samkvæmt gildum vinnustaðarins, því ef það færi ekki saman þyrfti viðkomandi annað hvort að breyta gildum sínum eða finna sér annan starfsvettvang (Bryderup, 2003:406). Það er hlutverk leikskólans að vera uppaldur og því þarf allt starfsfólk leikskólans að vera meðvitað um það að börnin líta upp til þess. Börn í dag eyða miklum tíma á leikskólanum sum þeirra eru allt að 8-9 tíma (2006) á dag flestalla daga. Hlutverk leikskólans hefur breyst frá því að vera tímabundinn vettvangur agaðs uppeldis og frjórrar örvunnar yfir í það að vera í senn skóli og heimili: starfsfólk leikskólans gegnir þá bæði hlutverki kennara og foreldris (Jón Torfi Jónasson, 88:2006).

## 4. Kynjamunur

Það sést strax á leikskólaaldri út frá karlmannlegum og kvennlegum áhugasviðum þar sem drengir byrja snemma að sýna áhuga á hlutum og stelpur sýna áhuga fyrir manneskjum (Hesselund, 1980:57). Ég ákvað að taka púlsinn á viðmælendum mínum um þetta efni og athuga hvort líka væri munur á þeim og starfssystrum þeirra í þessu tilliti.

„Konur hafa sín sérkenni og karlar hafa sín sérkenni og vegna þess að kynin eru ólík þá hlýtur aðsjáfsögðu að vera einhver munur á því hvernig fólk nálgast hlutina, hvort sem verið er að tala um viðbrögð eða sjónarmið eða hvað?“

(Jón).

„Hvað einkennir konur? Það er þeim ekki til lasts að þær eru mjög nákvæmar. Þær skoða hlutina margsinnis áður en þær láta hlutina frá



sér. Við karlar eru ekki eins nákvæmir og er það stundum okkur til lasts og stundum til lofs.“

(Ingi).

„Ég er þeirrar skoðunar að konur eigi ekki möguleika á því að setja sig í spor drengja af þeirri einföldu ástæðu að þær hafa aldrei verið drengir. Alveg á sama hátt að karlmenn eiga ekki möguleika á að setja sig í spor stúlkna.“

(Ari).

„Ég er ekki eins fljótur að banna hluti, t.d. ganga upp rennibrautina, sitja í pollum eða standa á stól.“

(Már).

„Ég legg áherslu á jákvæðan aga og hlýju og það er oft líklegra að það sjáist til mín vera að faðma krakka heldur en kannski margar aðrar konur ... þetta er bara minn persónuleiki.“

(Jón).

Þeim finnst þeir vera umburðarlyndari gagnvart framkvæmdagleði barna. Þeir komu einnig inn á leikinn sem er einn af hornsteinum leikskólans (Aðalnámskrá leikskóla, 1999:11) og það kom mér ekki á óvart að það sé munur á því hvernig meðbræður mínir léku sér við börn og hins vegar hvernig konurnar léku sér við þau. Brian Sutton Smith hefur gagnrýnt hvernig margar kenningar um leikinn sníði honum sé of þrönga skilgreiningu og afmarki hann þannig of mikið. Hann bendir á að leikurinn sé margbreytilegur og samsettur úr mörgum þáttum. Því er jafn erfitt að skilgreina leik og trúarbrögð, list, stríð, stjórnmál eða menningu. Hann segir einnig að börn skilji leik á allt annan hátt en fullorðnir og ennfremur að karlar og konur skilgreini leik ólíkt (Guðrún Bjarnadóttir, 2000:49). Það er einmitt viðfangsefni næsta undirkafla en þar mun ég taka fyrir leikinn í tengslum við kynin.

## 4.1. Kyn og leikur.

Eftir að hafa borið mig saman við viðmælendur mína tók ég eftir því að munur er á því hvernig kynin leika sér með börnunum og hér má sjá dæmi um það.

„Mér finnst ég vera öðruvísi en konurnar. Leikirnir í kringum mig eru allt öðruvísi... maður er svona meiri þátttakandi í leik, sérstaklega í einhverjum hreyfileikjum og hasarleikjum úti t.d. þá leita þau meira til mín en til kvenanna því þær taka minni þátt.“  
(Örn).

„...ég er karl þá skil ég líka merkin betur hjá strákonum og skil þeirra hugarheim betur. Á auðveldara með að setja mig inn í það sem þeir eru að segja, skil hugarheim þeirra betur en konurnar sem vinna með mér.“  
(Ingi).

„Við erum duglegri að leika okkur við karlmenn. Við skellum okkur í leik, það er okkur eðilegra að leika okkur á útisvæði. Hlaupa og fara í eltingaleik, öskra á börnin í skrímslaleik heldur en konur. Þær eru kannski að hugsa þetta í hausnum. Hvernig ætti ég að gera þetta? Af sinni nákvæmni.“  
(Ingi).

„... ég sé þetta líka á þessum körlum þeir eru tilbúnir að velta sér með krökkunum. Þeir eru ekki að passa sig við að líta kjánalega út án þess að ég ætla að saka fólk um það!“  
(Ingi).

„... strákarnir leita til mín frekar sem leikfélaga. „Sjáðu þetta hérna er bílskúrinn; þar á mótörhjólid vera, lögreglustjórinn er á mótörhjólínu og hann ætlar að geyma það með löggubílnum.“ Þá er ég settur inn í leikinn og er félagi þeirra.“  
(Ingi).

„...krakkarnir hafa gott af því að umgangast bæði kynin, bæði á heimili, leikskóla og seinna skóla og þannig að sko jú, jú karlmenn

hafa alltaf eitthvað fram að færa sem að konur hafa ekki fram að færa. Vegna þess að þeir eru karlmenn en ekki konur og þetta er engin gagnrýni á hvort kynið fyrir sig. Við erum ólík og auðvitað eiga börnin rétt á því að fá að njóta þess besta sem bæði kynin hafa fram að færa.“

(Jón).

Þetta styðst við þær kenningar um það hvernig við leikum við börn, mæður hjálpa börnunum sínum að leika sér með leikföng, lesa fyrir þau á meðan feðurnir taka meira þátt í líkamlegum leikjum eins og eltingaleikjum, glímu o.fl. og fyrir vikið bregðast börnin meira við föður sínum en móður, þetta hafa rannsóknir sýnt fram á (Frost, 2008: 117-118). Strákar sækja að jafnaði meira í hasarleiki en stelpur og það er nauðsynlegt að þeir fái leikskvæði til að fá útrás fyrir orkuna. Til eru áhugaverðar kenningar um ærslaleiki og hasarleiki og mikilvægi þeirra. Slagsmálaleikir eru af hinu góða og eru meðal annars notaðir í meðferð á börnum sem eru greind með ofvirkni eins og Midtsand (2007) færir rök fyrir. Ærslaleikurinn er ekki það sama og að hafa ekki stjórn á gjörðum sínum börnin slást ekki með krepptum hnefum og taka ekki of harkalega hvert á öðru. Leikurinn byggist á endurtekningum, leikendur skiptast á og allir hafa skilning á leikmerkjum og leikreglum (Midtsand, 2007:1463). Rannsóknir hafa sýnt fram á að ærslaleikir geta hjálpað barni að þroska með sér félagsfærni og samhyggð og í framhaldi af því hæfileikann til að viðhalda vináttu (Midtsand, 2007:1462).

## **4.2. Kynin og samfélagið.**

Samfélagið á stóran þátt í því að ákvarða hvers er ætlast til af strákum og stelpum ásamt því hvernig þau eigi að haga sér. Ég kannaði þetta þema hjá viðmælendum mínum og bað þá um að lýsa þeirra sýn á stelpurnar og strákanna á leikskólanum.

„Boys will be boys.“

(Jón).

„Stelpurnar sækjast meira í þessa hlýju, nánd og snertingu heldur en stákarnir en síðan eru undantekningar á þessu...“

(Jón).

„Stúlkur alast gjarnan upp sem gæslumaður sem traust í tilverunni.“

(Ingi).

„Stelpurnar koma stundum öðruvísi í leikinn og ég er félagi þeirra. Þær koma svona upp að mér og vildu kannski kúra í fanginu eða vera á lærinu á mér. Maður reynir svona helst að passa að það verði ekki of mikið, maður vill helst að þær leiki sér þetta er svona X prósent.“

(Ingi).

„...eru (strákarnir) miklu harðari af sér og vilja fá mann með sér í fótbolta.“

(Jón).

Ég verð að koma inna fótboltaumræðuna og knúsið þar sem ég samsama mig með þeim. Á leikskólanum sem ég er að vinna á spila ég mikið fótbolta við elstu strákana og þar eru efnilegir fótboltakappar á ferð. Við spilum alvöru fótbolta ég reyni nokkuð mikið á mig en í hópi drengjanna er einn framúrskarandi góður í fótbolta og tekur því mjög illa að tapa. Þeir vinna mig nú samt oftast. Með veru minni í fótboltanum gef ég þeim verðuga samkeppni og hún mælist vel fyrir. Ef ég er ekki fyrstur í útiverunni þá er setið fyrir mér á meðan ég klára kaffisopann. Það eru tveir þættir sem sameinast í fótbolta, ástríða og harka sem eru jafnan einkennin á báðum kynjunum, stelpurnar eru gjarnari á að sína ástríðu og strákarnir hörku. Þetta endurspeglar strákarnir þegar að við spilum. Stundum verða þeir tapsárir en börn verða líka að læra tapa það er nú bara hluti af lífinu. Það koma sigrar og það koma ósigrar. Þetta breytist ekki mikið með árunum ef skoðum atvinnumenn í fótbolta þá samgleðjast liðsfélagar þeirra þegar leikmaður innan liðsins skorar mark með þeim afleiðingum að þeir knúsa og kyssa hann. Þessu er öðruvísi háttað ef liðið tapar og ekki síst ef um mikilvægan leik er að ræða þá má gjarnan sjá tár á hvarmi. Fótboltinn er tilfinningaþrungin íþrótt þar sem fullorðið fólk jafnt sem börn eru ófeimin við að láta tilfinningar sínar í ljós.

## 5. Breytingar

Viðmælendur mínir höfðu allir ákveðnar skoðanir á því hverju mætti breyta í starfi þeirra. Hér eru nokkarar tillögur frá þeim: launin, barnafjöldi á fermetra ásamt skipulagi, endurmeta leikinn og fleiri karla í námið sem myndu þá skila sér í starfið.

„Ég vil breyta laununum. Ég er orðinn þreyttur á því að það standi á launaseðli mínum um hver mánaðarmót: „Þú ert hálfviti.“

(Ari).

„Fyrir utan launin (hlær). ... finnst mér kannski þróunin vera þannig að það eru gerðar meiri kröfur til leikskólakennara án þess að fá neitt á móti. Maður á að þekkja fleiri þætti og vera meiri skýrslugerð. Barnafjöldinn eykst ég myndi vilja hafa minni hópa og minni deildir ... fjöldinn væri þá minni.“

(Örn).

„... færri börn á starfsmann.“

(Már).

„Fyrir það fyrsta tel ég margar leikskólabyggingar kolómögulegar. Það er eins og það hafi gleymst að börn þurfa að hreyfa sig innandyra. Víða eru mjög góð útisvæði. Það þyrfti að breyta skipulagi og fjölda barna á deild.“

(Ingi).

„Ef við skoðum Aðalnámskrá leikskóla, þá er leikurinn ekki námsvið, ég tel það vera svo að mennta sig í leik. Það gefur manni rétt vald yfir veruleikanum dagsdaglega þannig að ég myndi vilja sjá leikinn, ekki sem athöfn heldur námsvið. Það er breyting sem ég myndi vilja sjá í námsskránni.“

(Ingi).

„Fleiri karla í Kennaraháskólann.“

(Jón).

„Fleiri karlmenn.“

(Már).

„Ef maður gæti breytt með hókus þókus aðferð þá myndi ég vilja fá fleiri karla.“

(Ingi).

Launin kunna að hljóma sem gömul klisja en leik- og grunnskólakennarar eiga það sameiginlegt að þurfa sífellt að karpa um laun sín, það koma nýir samningar með nýjum áherslum og breytingum. Sú breyting að færa leikskólamenntunina yfir á háskólastig var mikil viðurkenning fyrir námið og var ein af undirstöðunum fyrir aukinni virðingu fyrir leikskólakennurum. Arna H. Jónsdóttir (2005) kemur einmitt inn á þetta að árið 1994 hafi verið stórt skref stigið í sögu leikskólamenntunnar þegar leikskólinn var viðurkenndur sem fyrsta skólastigið, þetta var mikill sigur fyrir leikskólakennara og sama ár var starfsheitinu fóstura breytt í leikskólakennari (Arna H Jónsdóttir, 2005:130).

Barnafjöldinn veldur viðmælendum mínum áhyggjum það er eins og börnin séu of mörg á deild þ.e.a.s. að deildin beri ekki fjöldann. Jón Torfi Jónasson (2006) heldur því fram að álagið á leikskólakerfið muni vaxa vegna aukinna krafna samfélagsins um þjónustu heldur en fjölgun leikskóla barna. Hið opinbera mun þarf því að verja fé til uppbyggingar til þess að bæta aðbúnað. Aukin byggð kallar á nýja leikskóla byggðin mun þá færast til með þeim afleiðingum að börn á eldri leikskólum fækki (Jón Torfi Jónasson, 2006:69-70). Ef við skoðum barnafjöldann og skipulagið þá er reynslan sú að nýju leikskólarnir búa yfir betra rými en þeir gömlu, skipulagið þróast eins og annað í starfinu. Á þessu hef ég samanburð, leikskólinn sem ég starfa á er byggður um miðja síðustu öld en í fyrra sumar vann ég í viku á leikskóla sem hafði aðeins verið starfræktur í nokkra mánuði. Hvað rýmið varðar og skipulag var himinn og haf á milli leikskólana.

Leikurinn er einn af mikilvægustu þráðunum í leikskólastarfinu börnin læra í gegnum leik og til að kanna það nánar verð ég minnst aftur á Fröbel. Hann var með þær hugmyndir að leikskólauppeldi byggðist á rómantískum

manngildum og mannskilningi. Það sem kemur innan frá barninu er mikilvægasti þáttur þroskans og sjálfstjáning barns því mikilvæg. Hann líkti barni við blóm sem vex og dafnar ef það fær næringu. Í rökréttu framhaldi líkir hann leikskólakennaranum við garðyrkjumann (Guðrún Bjarnadóttir, 1998:33).

Starfið þarf á fleiri körlum að halda fyrir margra hluta sakir. Ekki síst börnin þarfnast fyrirmyndir þeirra til jafns við konur og samfélagið þarfnast staðfestingu þess að leikskólastarfið fyrir karla og konur. Leikskólinn þarfnast þeirrar sýnar á starfið sem karlmenn bera með sér eins og viðmælendur mínir kom inn á.

„Hvað gerist ef að karl kemur inn í starfið eða karlar? Það verður til örlítill karlmenning á leikskólanum. Samskiptin á kaffistofunni taka breytingum. Þetta hafa fróðar konur sagt mér og þykist vita að það sé eitthvað til í þessu.“

(Ingi).

„... óskar þess að fleiri karlar átti sig á því hvað þetta er frábært og gefandi starf. Íhugi þennan möguleika að koma í leikskólann út af því að það er ekki bara það að stéttin þurfi á því að halda, börnin þurfa það líka karlar og konur í sátt og samlyndi.“

(Jón).

## 5.1. Horft til framtíðar

Framtíðarsýn er hverjum leikskóla nauðsynleg það er endurskoðun hennar líka. Þekkt dæmi að leikskólar taki nýja stefnu eða marka ákveðna sérstöðu. Karlmenn þurfa að vera meiri þátttakendur í þessari skoðun eins og einn viðmælandi minn kom inn á.

„Konur verða að átta sig á því að ef að karlmenn eiga að vera hluti af leikskólanum, verða þær að leyfa þeim að taka þátt í því að þróa hann útfrá eigin forsendum. Ekki bara útfrá forsendum kvenna.“

(Ari).

Það er erfitt að horfa fram á við án þess að taka mið af póstmódernískum sjónarmiðum. Steinunn Helga Lárusdóttir (2005) kemur inn á sjónarhorn póstmódernista en þeir hafna nútíma vísindamönnum og að vísindalegar rannsóknir séu ekki nóg til að öðlast þekkingu á raunveruleikanum (Steinunn Helga Lárusdóttir, 2005:26). Ég er ekki að segja að allt sem þú lest er lygi en taka skal rannsóknum með fyrirvara því það sem gæti virkað á einn einstakling getur virkað allt öðruvísi á annan. Því er nauðsynlegt að leyfa körlum að taka þátt á endurmati starfsins og ekki síst út frá forsendum þeirra. Þeir koma með nýja sýn inn í rótgróið kvennastarf og með komu þeirra mun það aðeins vera til að styrkja starfið.

## 5.2.Hinn fullkomni leikskóli?

Áður en ég sleppi umræðunni um framtíðina langað mig að koma inn á mjög góð rök fyrir stefnumótun leikskóla í framtíðinni og hér koma tvær uppbyggilegar athugasemdir fyrir því frá viðmælendum mínum.

„Hvort sem við horfum á deildina, leikskólann eða stéttina sem heild er barnið náttúrulega svona fokalpunkturinn hjá okkur öllum höfum við mismunandi aðferðir til að þess að nálgast það þannig að við þurfum öll að vera tilbúin að helga okkur eitthvað nýtt.“

(Jón).

„...vera opin fyrir því að breytingar eru alls ekki endilega slæmar og ég meina að ef að allir hafa þetta að leiðarljósi þá er leikskólarstarfið og kennslustarfið í stöðugri þróun í stöðugri endurnýjun. Og þetta er náttúrulega endalaust, það er ekkert sem að það heitir fullkominn leikskóli. Ég vona að það verði aldrei annars getur maður bara sagt upp.“

(Jón).

Þeir sem starfa innan menntakerfisins geta aldrei alhæft að ein aðferð sé betri en önnur, við verðum að fylgjast með nýjustu stefnum og straumum og vera óhrædd við að fara í naflaskoðun. Góðar leiðir í þeim málum eru t.d.: námsferðir, þróunarverkefni ásamt



öðrum leiðum sem geta breytt okkur og starfi leikskólans. Þetta þekki ég af eigin reynslu.

Ég horfi mikið til Danmerkur í þessum efnum og tel að við getum lært mikið af frændum okkar, ég hef sjálfur búið í Kaupmannahöfn. Það sem heillaði mig mest þar var hvað allir voru sjálfum sér nógir ekki þetta kapphlaup við nágrennann eins og hefur einkennt íslenskt samfélag. Dahlberg, Moss og Pence taka dæmi frá Lauridsen (1995) um lýðræði danskra barna á leikskólastigi, þar er mikill áhuga fyrir lýðræðislegum gildum. Í leiðarvísni ríkistjórnarinnar er lögð áhersla á að hlustað sé á barnið bæði þegar danskir leikskólakennarar eru í verknámi og þetta gildir almennt innan stofnunarinnar. Lýðræðið gengur út á það að barnið hefur rétt á því að hafa áhrif á nám sitt og eiga skapandi þátt í lífi sínu allt frá byrjun skólagöngu. Börnin upplifa lýðræði á yngri barna stofnunum mun leiða til þess að barnið öðlast skilning og innsæi inn í nútíma þjóðfélag (Dahlberg, Moss & Pence 2007:78). Það er einmitt á þessum nótum sem ég vil byggja hið nýja Ísland ég get ekki fullyrt að það muni leiða til fullkomnunar í starfinu en ég efast ekki um að það muni bæta það að minnsta kosti.

## 6. Samantekt

Það gaf mér góða innsýn að taka viðtöl við meðbræður mína og kynnast sýn þeirra og viðhorfum gagnvart starfinu. Ég gat samsamað mér með þeim á margan hátt. Það má lesa það út úr viðtölunum að þeir hafa allir mikinn áhuga á því starfi sem þeir eru að vinna. Þeir eru meðvitaðir um séstöðu sína sem karlmenn, finnst þeim hafa annan bakgrunn en konurnar. Sjá starfið út frá sínum augum eða karla og hafa aðrar aðferðir en konurnar. Þeir leyfa börnunum að taka meiri áhættu, sem ætti að styrkja börnin af lífsreynslu.

Öll sameinumst við um velferð barnsins og að öryggi þess sé í hávegum haft, en við megum ekki vefja þau í bómull með þeim afleiðingum að þau haldi ekkert slæmt sé til í heiminum og að þau eigi aldrei eftir að lenda í raunum í lífinu. Þessu viðhorfi deili ég með viðmælendum mínum ásamt því að taka þátt í hasarleikjum með börnum. Við þurfum öll að fá útrás fyrir kappi okkar og líkamlegt afl til þess hentar ærslaleikurinn vel. Það getur gerst í hita leiksins að börnin meiði sig, en það er auðvitað hluti af lífinu. Ef við færum aldrei út, fífluðumst aldrei með börnum í leik heldur hégum bara inni og

værum í rólyndisleikjum þá myndu börnin alast upp við of verndaðar aðstæður að mínu mati.

Viðmælendur mínir höfðu allir ákveðnar skoðanir í tengslum við launin, allir vilja fá launað fyrir árangur erfiðsins. Bændur vilja að afurðir þeirra metnar af verðleikum. Iðnaðarmenn vilja fá eitthvað fyrir sinn snúd eftir erfiða vinnu. Leikskólastarfið er ekki ólíkt hvað þetta varðar. Vissulega vilja allir leikskólakennarar fá betur launað óháð kyni, en síðan ber að skoða hina hliðina á peningnum og það er hversu gefandi starfið er. Við tókum við uppeldi barnanna á meðan foreldrarnir eru í vinnunni og ef okkur tekst að innræta hjá þeim góð gildi, sjá barnið vaxa og dafna í starfinu og sjá framfarir, þá er ég þeirrar skoðunar ásamt fleirum að það sé ómetanlegt. Það vilja allir fá ríkulega borgað fyrir störf sín, annars mætti líta svo á að samfélagið væri ekki að taka okkur alvarlega fyrir það ágæta starf sem við ynnum af hendi. Ef launin væru svona gríðarlega mikið atriði þá held ég að meðbræður mínir væru löngu búnir að skipta um starfsvettvang. Nærtækara er að skoða starfið út frá áhugasviði þannig að ef þú ert karlmaður og hefur áhuga, að vera þá ekki feiminn að sækja um starf á leikskóla, þó að raddir í samfélaginu segi þér annað. Þú munt fljótt taka eftir því hversu gefandi það er að vinna með börnum og að fylgjast með og taka þátt í framförum þeirra. Það eru dýrmætustu launin sem til eru þetta segi ég ásamt viðmælendum mínum annars værum við starfandi á allt öðrum vettvangi.

## Lokaorð

Tímarnir breytast og mennirnir með þetta á einnig við um stefnur og strauma í uppeldismálum. Við lifum í póstmóðernísku samfélagi og hafa ber í huga að það er ekki hægt að alhæfa að það sé einn heilagur sannleikur. Kynin eru vissulega ólík eins og fram hefur komið. Leikskólasamfélagið hefur hag af því að hafa karla starfandi í sátt og samlyndi með konunum. Það gerir starfið fjölbreytilegra. Bæði kynin gefa góðar fyrirmyndir fyrir börnin. Ég minnst þess þegar drengur á mínum leikskóla var að teikna sjálfan sig, hann teiknaði sjálfan sig með brjóstahaldara og með skegg. Móðir hans var einstæð og hann samsamaði sér með henni í brjóstahaldaranum og skeggbroddana með mér.

Fróðlegt væri að taka niðurstöður mínar og gera þróunarstarf um karlmenn á leikskólum og athuga nánar hvernig þeir geta bætt og þróað starfið á sínum forsendum. Ég hef ákveðna framtíðarsýn mig dreymir um að gera heimildarmynd um viðhorf karlkyns leikskólakennar. Handritið getur tekið mið af þemunum sem að fram komu í þessari ritgerð. Mér þykir nauðsynlegt að stíga skrefi lengra því ekki hafa allir aðgang að þessari ritgerð og það er trú mín að heimildarmynd gæti gripið fleiri, hvort sem það yrði í gegnum kvikmyndahúsin eða í sjónvarpi. Það má draga mikinn lærdóm af rannsókn minni varðandi viðhorf viðmælanda minna. Það er ekki hægt að lesa annað út úr skoðunum þeirra en starfsánægju og að þeim sé vel tekið. Ég spái því að samfélagið eigi eftir að taka örum breytingum á næstu árum með tilliti til þess að fleiri karlar eigi eftir að mennta sig og skila sér í starfið. Leikskólinn er fyrir alla og fer ekki í manngreiningarálit. Ég er þeirrar skoðunnar að tíminn muni leiða þetta í ljós og samfélagið mun hverfa frá þeim fordómum að furðulegt þyki að karlar vinni í umönnunarstörfum. Við munum vinna reipitogið við samfélagið og ef tekið er mið af þeim breytingum sem eiga sér stað í dag þá eru gildin að breytast, peningahyggjan er að detta út og félagshyggjan að koma inn. Þetta er hið nýja Ísland og ég stend og fell með því.

Þá er ég kominn að rannsóknarspurningu minni:

Hver er upplifun karla í leikskólakennarastarfi og sérstaða þeirra? Þeir hafa allir jákvæða upplifun af starfinu og eru meðvitaðir um sérstöðu sína. Það er greinilegt að þeir vilja sjá fleiri karla á þessum starfsvettvangi. Þetta er ekki ósvipað sjónarhorn og börnin hafa, það ríkir jafnan gleði þegar að karlmaður kemur inn í starfið. Hvað þetta

varðar geta börnin og karlar í leikskólakennarastarfi náð saman. Það er von mín að þeir verði fleiri í starfinu í framtíðinni. Það væri best ef hægt væri að veifa töfrasprota eins og einn viðmælenda minna kom inn á og segja: „Hókus pókus fleiri karla!“

## Heimildaskrá

Abbott, D. (1998). *Culture and Identity*. Hodder & Stoughton. UK.

*Aðalnámskrá leikskóla*. (1999). Reykjavík. Menntamálaráðuneytið.

Arna H. Jónsdóttir. (2003). Starfsánægja –Einstaklingsbundin skynjun -. *Fagmennska og forysta*. (ritstj. Børkur Hansen, Ólafur H. Jóhannsson og Steinunn Helga Lárusdóttir), bls. 157-170. Reykjavík, Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Arna H. Jónsdóttir. (2005). Fagþróun leikskólakennara. *Kynjamyndir í skólastarfi*. (ritstj. Arna H. Jónsdóttir, Steinunn Helga Lárusdóttir og Þórdís Þórðardóttir), bls.125-149. Reykjavík, Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Annot, M & Ghail, M.M. (2006). *The Routledge Falmer reader in gender and education*. London. UK. New York. USA.

Berger, E. H. (1995). *Parents As Partners In Education: Families And Schools Working Together*. (4. útgáfa). New Jersey: Prentice Hall.

Bryderup, I.M. (2003). *Pædagogisk sociologi*. København. Danmarks Pædagogiske Universitets Forlag.

Dahlberg, G., Moss, P. & Pence, A. (2007). *Beyond Quality in early childhood education and care: Postmodern perspectives*. 2. útgáfa. London: Falmer. (kafli 4).

Frost, J.L., Wortham, S.C. & Reifel, S. (2008). *Play and child development*. Upper Saddle River, NJ : Pearson/Merrill Prentice-Hall.

Guðrún Bjarnadóttir. (1998). Leikur og nám í leikskóla. *Athöfn*. (bls. 33-36). Reykjavík: Félag Íslenskra Leikskólakennara.

Guðrún Bjarnadóttir. (2000). Leikurinn sem þungamiðja leikskólastarfs. *Athöfn*. (bls. 47-50). Reykjavík: Félag Íslenskra Leikskólakennara.

Hagstofa Íslands. (e.d.) *Hagtölur um leikskóla*. (2007). Sótt 31.mars 2009 af:  
<http://www.hagstofa.is/?PageID=780&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=SKO01300%26ti=Starfsf%F3lk+%ED+leiksk%F3lum+eftir+kyni%2C+starfssvi%F0um+og+rekstrara%F0ilum+1998%2D2007%26path=../Database/skolamal/lsStarfsfolk/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>

Hesselund, Hans.(1980). *Kønsdiskriminering og skolen: der er piger og drenge ikke blot børn*. Copenhagen: Gyldenhals Pædagogiske Bibliotek.

Jóhanna Einarsdóttir. (2005). *Nýjar áherslur í leikskólastarfi – Kalla þær á breytingar á leikskólamenntuninni*. Grétar L. Marinósson, Þórunn Blöndal og Þuríður Jóhannsdóttir. (ritstj.). *Nám í nýju samhengi* (bls.11-25). Reykjavík: Rannsóknarstofnun KHÍ.

Jón Torfi Jónasson. (2006). *Frá gæslu til skóla: Um þróun leikskóla á Íslandi*. Reykjavík: Rannsóknarstofna um menntakerfi Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Kristján Kristjánsson. (1999). *Hvers er siðfræðin megnug?* Fjarsjóður Fordómanna. Jón Kalmansson. (ritstj.). Reykjavík: Siðfræðistofnun og Háskólaútgáfan.

Midtsand, N. (2007). *TIDSSKRIFT- NORSK PSYKOLOGFORENING*. Boltrelek og lekeslassing: II. Om a gi gutter rom til a vaere gutter. NORSK PSYKOLOGFORENING Oslo. Norway.

Myhre, Reidar. (2001). *Stefnur og straumar í uppeldissögu*. Bjarni Bjarnason þýddi. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Sólveig Karvelsdóttir. (2005). Þau kunna mannganginn. *Kynjamyndir í skólastarfi*. (ritstj. Arna H. Jónsdóttir, Steinunn Helga Lárusdóttir og Þórdís Þórðardóttir), bls.85-101. Reykjavík, Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Steinunn Helga Lárusdóttir. Femínismi og kvinnhreyfingar. *Kynjamyndir í skólastarfi*. (ritstj. Arna H. Jónsdóttir, Steinunn Helga Lárusdóttir og Þórdís Þórðardóttir), bls.13-32. Reykjavík, Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Stígamót. (e.d.). *Ársskýrsla Stígamóta*. (2008). Sótt 6. apríl 2009 af:  
<http://www.stigamot.is/Apps/WebObjects/Stigamot.woa/swdocument/1000011/%E7rssk%3Frsla+2008.pdf>

Þórdís Þórðardóttir. (2005). Konur og kennsla. *Kynjamyndir í skólastarfi*. (ritstj. Arna H. Jónsdóttir, Steinunn Helga Lárusdóttir og Þórdís Þórðardóttir), bls.67-84. Reykjavík, Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

## Fylgiskjal 1

- 1.Hvers vegna valdir þú að mennta þig sem leikskólakennari?
- 2.Afhverju eru svona fáir karlar leikskólakennarar?
- 3.Telur þú karla í leikskólastarfi mæta fordómum? Ef já? Hvernig þá?
- 4.Hefur þú eitthvað annað fram að færa heldur en konurnar sem að vinna með þér?
- 5.Hvernig líta börnin á þig sem fyrirmynd?
- 6.Finnuru fyrir mun á því hvernig strákar og stelpur leita til þín?
- 7.Er eitthvað sem þú leggur sérstaka áherslu á?
- 8.Er eitthvað sem þú myndir vilja breyta í starfi þínu?
- 9.Hvernig telur þú ímynd karla í uppeldis- og umönnunarstörfum sé út á við?
- 10.Er eitthvað sem þú vilt segja að lokum?